

# Sækja bæði sykur og brauð

## Kaupstaðarferðir og upphaf verslunar



Meginverslun Breiðdælinga var lengst af á Djúpavogi.


### Í kaupstað

Um langan veg var að fara í kaupstaðinn fyrir bændur í Breiðdal og því eins gott að gleyma hvorki að kaupa sykur né brauð þegar í búðina var komið. Lengi var Djúpavogur eini verslunarstaðurinn á milli Eskifjarðar og Eyrarbakka. Var þar því mikill mannföldi samankominn í sumarkaupþíðinni og handgangur í óskjunni. Mest var verslað við Örum og Wulff en einnig við ýmsa farandkaupmenn sem stundum borguðu betur. Gott orð fór af varningi Breiðdælinga og laust eftir 1850 bundust þeir samtökum, stofnuðu „Höndlunarfélag“, til að fá sem best verð fyrir ullina og tólgina og völdu fulltrúa til að semja beint við kaupmenn á Djúpavogi.

Allir vildu ólmir fá að fara í kaupstaðarferðirnar enda viðlíka mannamót ekki á hverju strái. Oft þurftu bændur að bíða tvo eða þrjú daga eftir afgreiðslu og á meðan stytti hver öðrum stundir. Búið var í tjöldum á meðan staldrað var við á Djúpavogi.



Verslunarstaðurinn á Djúpavogi seinni hluta 19. aldar. Langabúð og Faktorshús í forgrunni.



19. aldar kaupskip með augum Auguste Meyer.

### Meistari Eiríkur

Eiríkur Magnússon í Cambridge, sem oftast var kallaður „meistari Eiríkur“, var þvottekta Austfirðingur og ekki síst bundinn Breiðdal þar sem faðir hans, sr. Magnús Bergsson, var prestur um tveggja áratuga skeið. Eiríkur bjó og starfaði um hálfra aldar skeið í Cambridge og komst þar í vinfengi við auðuga og virta Englendinga – meðal þeirra voru ráðherra, landstjóri og ýmsir menntamenn – sem þyrsti í tilsogn og fróðleik um íslensku og íslenskar fornþekktir sem þá voru mjög í móð. Þessi tengsl nýtti Eiríkur sér út í hörgul og var atkvæðamikill „sendiherra Íslands“ á Englandi. Auk þess að kynna Ísland og íslenska menningu fyrir Englendingum var hann ótull talsmaður þess að Íslendingar gyrtu sig í brók, bæru höfuðið hátt og stæðu á eigin fótum, ekki síst í viðskiptum og efnahagslífi. Hafði hann m.a. milligöngu um að komið var á viðskiptasambandi á milli Íslendinga og enskra kaupmanna og átti drjúgan þátt í að Englendingar hófu að kaupa hédan fé á fæti og greiddu vel fyrir – og það oftast í reiðufé (í sauðagulli sem svo var nefnt). Mörg íslensk heimili sem voru orðin ærið skuldsett eftir mörg mögur ár gátu nú grynnað verulega á skuldum. Ekki munaði minna um að nú opnaðist fyrir viðskiptasambönd við England sem héldu þótt Bretar tækju fyrir innflutning á fé á fæti laust fyrir aldamótin 1900. Meistari Eiríkur lést árið 1913 en Breiðdælingurinn Stefán Einarsson prófessor skrifaði síðar vandaða ævisögu þessa frænda síns.



Meistari Eiríkur Magnússon í Cambridge.

### Draga björg í bú

Í sumarkaupþíðinni tóku Breiðdælingar ávallt út nægar birgðir af kornvöru til ársins – tunnu fyrir hvern mann, er þeir höfðu til heimilis. Brennivín keyptu allir meira eða minna. ... Kaffi var keypt tildölulega lítið. Góðir meðalbændur tóku 10 til 16 pund – þótti mikið, ef fór yfir 12 pund. Steinsykur og piðursykur var keypt að sínu leyti meira en kaffi. Af hvítasykri var keypt minnst meðal alþýðu; mönnum þótti of mikill höfðingjabragur á því. Súkkulaði keyptu margir, svo sem eitt pund. Fikjur eitt eða tvö pund, til að gefa börnum og unglíngum þegar heim kom. Rúsínur, til að hafa í töðugjaldagrautinn og á jólanóttina. Skonrok (hveitibrauð) og hagldabrauð, fáein pund. Lérestkaup voru heldur ekki mikil. Konur tóku fáar álnir af hvítu lérefsti, svo og dökkleitt föðurlérest, og stundum boldang í sængurver og koddaver, nokkra tvímastokka, klúta, helzt bláleita og herðaklúta (sjöl), stóra eða litla. Ýmislegt smávegis: hnappa, nálar, skæri, fingurbjargir, vasahnífa, handþrjóna; litarefni: brúnspón, indigo; leirskálar, tvær eða þrjár spilkomur,\* og leirdiska og spil ...

Úr Breiðdælu.

\* brúnspón, harðviður sem notaður var í hrfutinda en einnig raspður niður til litunar, litaði rautt eða fjólublátt; indigo er jurt sem notuð var til að lita blátt; spilkoma er leirskál eða hankalaus bolli.

Reikningur Árna Árnasonar í Felli við verslun Gránufélagsins á Breiðdalsvík frá 10. september 1883.

### Spekúlantverslun í Breiðdalsvík 1895

Þegar til Breiðdalsvíkur kom, vörpuðum við akkerum skamt frá landi, því að þar var engin bryggja. Við festum skilti við opin á lest skipsins, og gat þar að lesa, auðvitað á dönsku:

Hvít ull 90 aura.  
Mislit ull 45 aura.  
1 flaska af brennivíni 1 króna.

Eg skal taka það fram, að ullarverðið var auðvitað miðað við pund, og að annað en þetta var alls ekki auglýst við opin á búðinni okkar í lest skipsins.

Skömmu eftir að skipið var lagst við festar á Breiðdalsvík, tóku viðskiftamenn að streyma að. Sveitafólkið kom ríðandi með mismunandi langar lestir af áburðarhestum. Bændur færðu okkur ull, sem var aðalsöluvara þeirra, en auk þess smjör og osta. Sjávarbændur komu enn fremur með saltfisk. Stýrimaður okkar hafði bækið sína í framlest skipsins. Þar veitti hann afurðum bænda móttöku og vó þær, en afgreiddi jafnframt alla þá þungavöru, sem við höfðum til sölu. ... En í sjálfri verslunarbúðinni stóðum við á þönum, verzlunarmaðurinn frá Djúpavogi og eg, og afgreiddum álvöru, smávöru og matvöru í smærri stíl. Við unnum dag og nótt, enda þurfa ungir menn ekki mikinn svefn í íslenska bjartnættinu á vorin!

Heimskringla, 27/10 1938.

### Áfangar í verslunarsögu

- 1851/1852 Bændur í Breiðdal stofna Höndlunarfélag.
- 1879 Englendingar taka að kaupa fé á fæti af Breiðdælingu og borga í reiðufé.
- um 1880 Gránufélagið sendir skip til Breiðdalsvíkur í kaupþíð. Vörugæmsluhús (Félagshús) reist við Selnesbót.
- 1880–90 Verslun Otto Wathnes og Thostrups-verslun, báðar á Seyðisfirði, senda vörur til Breiðdalsvíkur í skiptum fyrir ull.
- 1884 Löggilding verslunarstaðar í Breiðdalsvík tekur gildi.
- 1892–93 Carl Tulinius á Eskifirði sendir vörur til Breiðdalsvíkur, afgreitt er í Félagshúsinu og annast Ari Brynjólfsson á Þverhamri afgreiðsluna.
- eftir 1893 Brynesverslun á Seyðisfirði tekur að versla á Breiðdalsvík, með aðstöðu í Félagshúsi; Bjarni Siggeirsson er fulltrúi verslunarinnar.
- 1896 Brynesverslun reisir verslunar- og félagshús við Selnesbót, efst á nesinu, og Bjarni Siggeirsson sest þar að – og verður þar með fyrsti kaupþúsbúinn.

Mynd Auguste Meyer af Djúpavogi við Berufjörð frá fyrri hluta 19. aldar.

